

Sjötti fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn í Seli (Sel-hótel Mývatn) fimmtudaginn 13. desember 2018 klukkan 17:05.

Mættir: Bryndís Ívarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

1. Haustönn 2018

Alls hættu þrír nemendur á haustönninni. Mætingar þokkalegar eða í kringum um 77% það sem af er vetrar. Áframhald varð á samstarfi við FSH í tengslum við leiklistarstarf nemenda með uppsetningu á leikriti á Húsavík. Hátíðarhöld í tengslum við fullveldisafmælið og afmælishátíð skólans tókust mjög vel og voru vel sótt, en alls voru um 270 manns á hátíðinni.

Skólapúlsinn, könnun sem m.a. tekur til líðan nemenda og viðhorf þeirra til ýmissa þátta skólastarfsins, var lögð fyrir á haustönn. Niðurstöður úr könnunni verða nýttar í tengslum við skipulag vorannarinnar.

2. Nemendahald

Ekki verða miklar breytingar á fjölda nemenda við skólann á næstu önn. En alls verða þeir um 75 fyrir utan grunnskólanemendur, þar af um 50 á heimavist.

3. Samstarf við Þingeyjarskóla – þróunarstarf

Samstarfið við Þingeyjarskóla hefur gengið mjög vel og mikill vilji af hálfu beggja skólanna að halda því áfram og helst auka það enn frekar. Á vorönn er áætlað að kenna m.a. áfanga í körfubolta og lýðheilsu.

4. Starfsmannahald breytingar

Smávægilegar breytingar verða á starfslíði skólans á vorönninni. Þær breytingar eru m.a. í mötuneyti ásamt því að við bætist kennsla í íslensku fyrir útlendinga.

5. Ársreikningur/ársskýrsla 2017

Farið yfir framlagða ársskýrslu og ársreikning sem er m.a. að finna á heimasíðu skólans. Rekstur skólans var jákvæður um rúmar 14 m.kr. á árinu 2017.

6. Afkomuspá ársins 2018 og rekstraáætlun 2019

Gert er ráð fyrir að skólinn verði rekinn með einhverjum halla á árunum 2018 og 2019, að hluta til vegna hækkunar á húsaleigu sem skólinn hefur ekki enn fengið bætt.

7. Framkvæmdir

Framkvæmdir standa nú yfir í Gamla skóla og þar útbúið fundarherbergi, vinnuherbergi fyrir kennara og þrjár skrifstofur. Þá standa yfir endurbætur á annarri íbúðinni í Dvergasteini ásamt því að lagfæra útgönguleiðir úr skólastofum í Dvergasteini með hliðsjón af brunavörnum. Einnig eru fyrirhugaðar nokkrar lagfæringar í Fjalli, Tröllasteini og Holti. Lagfæringar í Tröllasteini snúast fyrst og fremst um að bæta netsamband.

8. Önnur mál

- A. Nú síðar í mánuðinum er áætlaður fundur með skólameistara og formanni stjórnar Tröllasteins í menntamálaráðuneytinu í tengslum við húsnæðismál skólans.
- B. Skólameistari mun verða við kennslu í HR í nokkra daga í janúar og nota um leið tækifærið til þess að kynna skólann í nokkrum grunnskólum á Suðurnesjum.
- C. Starfsmannaviðtöl eru áætluð á vorönn.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 18:49.